

## Fundargerð ársfundar AkureyrarAkademíunnar 2021.

Ársfundur AkureyrarAkademíunnar var haldinn fimmtudaginn 20. maí 2021 kl. 20:00 í fundarsal KFUM/K í verslunarmiðstöðinni Sunnuhlíð 12.

**Mætt voru:** Aðalheiður Steingrimsdóttir, Arndís Bergsdóttir, Bergljót Þrastardóttir, Kristín Thorberg, Margrét Guðmundsdóttir, Ólafur B. Thoroddsen, Sigurgeir Guðjónsson, Steinunn A. Ólafsdóttir og Þórhallur S. Bjarnason. Aðalheiður Steingrimsdóttir fór jafnframt með skriflegt umboð frá Valgerði S. Bjarnadóttur og Ólafur B. Thoroddsen með skriflegt umboð frá Martinu Huhtamáki.

### Dagskrá

1. *Skýrsla stjórnar:* Steinunn A. Ólafsdóttir, stjórnarformaður.
2. *Endurskoðun reikninga:* Ólafur B. Thoroddsen, gjaldkeri, kynnir ársreikning.
3. *Upptalning fulltrúa:* Aðalheiður Steingrimsdóttir, framkvæmdastjóri, telur upp fulltrúa.
4. *Kjör formanns og fulltrúaráðs.* Ársfundur kýs sjö manna fulltrúaráð. Stjórn er skipuð þremur einstaklingum úr fulltrúaráði. Formaður er kosinn sérstaklega. Fulltrúaráð kýs úr sínum röðum gjaldkera og ritara. Þau sem hafa boðið sig fram í fulltrúaráð:
  - a) Steinunn A. Ólafsdóttir, formaður
  - b) Þórhallur S. Bjarnason, gjaldkeri
  - c) Dr. Sigurgeir Guðjónsson, ritari
  - d) Bergljót Þrastardóttir, fulltrúaráð
  - e) Margrét Guðmundsdóttir, fulltrúaráð
  - f) Dr. Martina Huhtamáki, fulltrúaráð
  - g) Dr. Valgerður S. Bjarnadóttir, fulltrúaráð
5. *Fjárhagsáætlun og árgjald.*
  - a. Aðalheiður Steingrimsdóttir, framkvæmdastjóri, leggur fram rekstraráætlun fyrir árið 2021.
  - b. Árgjald er nú 1500 kr. Stjórn leggur til óbreytt árgjald.
6. *Breytingar á skipulagsskrá.* Stjórn leggur ekki til breytingar á skipulagsskrá.
7. *Önnur mál.*
  - a. Lögð fram drög að starfsstefnu AkAk samkvæmt 4. gr. skipulagsskrár og starfsáætlun til umræðu og samþykktar.
  - b. Margrét Guðmundsdóttir sagnfræðingur kynnir yfirlit yfir verk sem akademónar hafa unnið að á vettvangi AkAk frá stofnun Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi árið 2006 og til þessa dags.
  - c. Félagsstarf, m.a. vorferð akademóna o.fl.
8. Fundi slitið.

Steinunn A. Ólafsdóttir formaður setti fundinn. Sigurgeir Guðjónsson var kosinn fundarstjóri og Steinunn A. Ólafsdóttir fundarritari.

1. Steinunn A. Ólafsdóttir stjórnarformaður flutti skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2020-2021.
2. Ólafur B. Thoroddsen gjaldkeri kynnti ársreikning AkAk 2020. Reikningurinn sýndi góða afkomu. Rekstrartekjur voru 10,6 m.kr, rekstrargjöld 7,6 m.kr, rekstrarhagnaður 3,3 m.kr, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld 1,2 m.kr. og rekstrarhagnaður ársins 2020 var 2,0 m.kr. Umræður fóru fram um hvort innistæða á bankareikningi hefði áhrif á fjárframlag frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu og hvort ástæða væri til að AkAk notaði innistæðu til að greiða hraðar niður lánið sem var tekið til að kaupa húsnæðið í Sunnuhlíð. Ársreikningurinn var samþykktur einhljóma.
3. Aðalheiður Steingrímisdóttir framkvæmdastjóri taldi upp skráða fulltrúa en það eru þeir akademónar sem greiddu árgjald fyrir starfsárið 2021-2022 vegna ársfundar 2021. Fulltrúar eru samtals 27 sem er svipaður fjöldi og í fulltrúatali á ársfundi 2020. Eins og áður megi búast við að fleiri fulltrúar bætist við þegar nýtt fólk kemur til fræði- og ritstarfa í húsnæði AkAk.
4. Sigurgeir Guðjónsson fundarstjóri lýsti kjöri formanns og fulltrúaráðs. Formaður og fulltrúaráð voru kjörin einróma. Eftirtalin skipa stjórn og fulltrúaráð á starfsárinu 2021-2022:
  - a. Steinunn A. Ólafsdóttir formaður
  - b. Þórhallur S. Bjarnason gjaldkeri
  - c. Dr. Sigurgeir Guðjónsson ritari
  - d. Bergljót Þrastardóttir, fulltrúaráð
  - e. Margrét Guðmundsdóttir, fulltrúaráð
  - f. Dr. Marina Huhtamäki, fulltrúaráð
  - g. Dr. Valgerður S. Bjarnadóttir, fulltrúaráð
5. Fjárhagsáætlun og árgjald
  - a. Aðalheiður Steingrímisdóttir lagði fram rekstraráætlun fyrir árið 2021. Gert er ráð fyrir að rekstrartekjur verði 11,9 m.kr, rekstrargjöld 9,2 m.kr., rekstrarhagnaður 2,3 m.kr, fjármunatekjur og fjármagnsgjöld 1,3 m.kr, og rekstrarniðurstöðu sem hljóðar upp á 1,3 m.kr. Rekstraráætlun var samþykkt.
  - b. Stjórn lagði til óbreytt árgjald kr. 1,500 sem var samþykkt einróma.
6. Stjórn lagði ekki breytingar á skipulagsskrá AkAk og var það samþykkt.
7. Önnur mál:
  - a. Aðalheiður Steingrímisdóttir kynnti drög að stefnu og starfsáætlun AkAk sem byggja á 4. gr. skipulagsskrár AkAk. Drögin fela annars vegar í sér tillögur um framtíðarsýn, hlutverk, gildi, starfsmarkmið og aðgerðir AkAk 2021-2025 og hins vegar starfsáætlun 2021-2022 sem byggir á starfsmarkmiðum og aðgerðum en þar er lögð áhersla á fjögur meginvið: a) Fjármál og rekstur, b) Aðstaða og faglegt starf, c) Miðlun upplýsinga, d) Ytra samstarf. Umræður voru um orðlag í b-lið stefnu um hlutverk og í c-lið stefnu um fagmennsku. Eftir umræður var stefna og starfsáætlun samþykkt einróma.
  - b. Margrét Guðmundsdóttir kynnti yfirlit sem hún vinnur að fyrir AkAk yfir verk sem akademónar hafa unnið að á vettvangi AkAk frá stofnun Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi árið 2006 og til þessa dags. Um er að ræða lokaritgerðir, ritverk, rannsóknarskýrslur, tímaritsgreinar, útgefið kennsluefni, fyrirlestra og

sýningar. Fram kom m.a. að heildarfjöldi akademóna á þessu tímabili er 95 og þar af 60 konur og 35 karlar. Námsmenn eru 67% þeirra, bæði við innlenda og erlenda háskóla. Einstaklingar sem ekki hafa verið námsmenn hafa starfað á 45 sviðum/greinum. Akademónar hafa staðið fyrir ríflega 200 erindum og sex sýningum. Tilgangurinn með yfirlitinu er að vekja athygli á því fjölbreytta vísinda- og fræðastarfi sem farið hefur fram á vettvangi AkAk í gegnum árin og mikilvægi þess fyrir samfélagið. Margréti var þakkað fyrir frábæra vinnu.

- c. Félagsstarf. Fyrirhuguð er vorferð í Skagafjörðinn þann 24. júní nk. og einnig er stefnt að því að fara af stað með súpufundi í ágústmánuði. Einnig var rætt um að halda upp á 15 ára afmæli stofnunarinnar sem er á þessu ári og að halda upp á það síðar á árinu.
- d. Ólafi B. Thoroddsen fráfarandi stjórnarmanni voru þökkuð góð störf og honum færður þakklætisvottur.
- e. Arndís Bergsóttir þakkaði fyrir samveru á síðustu árum en hún mun flytja sig um set í sumar.
- f. Í fundarlok voru teknar myndir af fráfarandi og nýrri stjórn AkAk.

Fundarstjóri þakkaði fyrir góða fundarsetu og umræður og sleit fundi kl. 22:30.